



Borgarráð

Reykjavík, 29. júní 2026

MSS26060185

### **Tillaga um endurskoðun á reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg**

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurskoða gildandi reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg sem eru í gildi til 31. desember 2026. Starfandi starfshópi um ráðningarýni verði falið að meta hvernig til hafi tekist við framfylgd ráðningareglna, skerpa á framkvæmdinni og leggja til úrbætur. Starfshópnum verði jafnframt falið að gera tillögu um hvort framlengja eigi uppfærðar reglur út kjörtímabilið eða hvort leggja eigi til ótímabundið verklag við ráðningar.

#### **Greinagerð:**

Tilgangur yfirferðar á ráðningareglum er að skoða hvernig best sé að tryggja markvissari eftirfylgd við gildandi reglur og verklag við ráðningar. Einnig hvernig megi tryggja að verkefnum verði ekki útvistað til að komast hjá reglunum. Metið verði hvaða breytingar þarf að gera til að tryggt verði að markmiðum reglnanna verði náð. Starfshópurinn skal hafa lokið yfirferð og skili tillögum um breytingar fyrir 28. ágúst nk.

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri